

Garpur films ehf.

Garðabær, 25. júlí 2025

202507-0078/I.M.B.

10.02.01

### **Efni: Leyfi fyrir notkun dróna í Aðalvík á Hornströndum**

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Garpur films ehf., dagsett 14. júlí 2025, um leyfi til notkunar dróna í Aðalvík á Hornströndum 28. júlí 2025.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. [auglýsing nr. 332/1985](#). Samkvæmt [stjórnunar- og verndaráætlun](#) friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Kvikmyndataka og ljósmyndun sem getur haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta er háð leyfi Náttúruverndarstofnunar.

### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að fljúga dróna í Aðalvík á Hornströndum, n.t.t. á Nasa og Darra þann 28. júlí 2025. Kort sem sýnir flugleiðirnar fylgdu umsókninni. Að verkefninu kemur einn myndatökumaður.

### **Áhrifamat:**

Náttúruverndarstofnun metur verkefnið ekki rýra verndargildi svæðisins. Þó skal tekið fram að Grænahíð (Skáladalsbjarg) er metið sem mikilvægt fuglasvæði af Náttúrufræðistofnun og ber því að haga flugi þar til samræmis við það. Ekki má fljúga drónum yfir bjargbrún, séu fuglar þar á sveimi. Jafnframt er mikilvægt að virða þá kyrrð og ró sem er á svæðinu og skal því ekki fljúga drónum í nálægð við annað fólk eða þannig að aðrir verði varir við flugið.

### **Skilyrði:**

Náttúruverndarstofnun veitir Garpur films ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir notkun dróna þann 28. júlí 2025 sbr. þær flugleiðir sem sýndar eru á fylgiskjali umsóknar **að því undanskildu**, að vegna lífríkisverndar, er **ekki heimilt** að fljúga fram af Skáladalsbjargi. Framkvæmd verkefnisins er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Náttúruverndarstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.

- Virða skal þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- **Óheimilt er að fljúga drónanum út yfir bjargið á.**
- Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðinu er óheimilt að setja drónann á loft.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Haga skal notkun drónans í samræmi við reglugerð nr. [1360/2024](#) um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.
- Óheimilt er að gefa dýrum á svæðinu að borða.
- Halda skal að lágmarki 40 metra fjarlægð frá grenjum og refum.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrtruðu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

#### **Leyfisgjald:**

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200**. sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

#### **Eftirlit:**

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með verkefninu og verður það framkvæmt af starfsfólki stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir

***sviðsstjóri***

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

***teymisstjóri***